

2022 nr. 137 29. desember**Lög um Vísinda- og nýsköpunarráð**

Taka gildi 1. apríl 2023.

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefna svið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **forsætisráðherra** eða **forsætisráðuneyti** sem fer með lög þessi.

■ 1. gr. Markmið.

□ Markmið laga þessara er að efla stefnumótun og samhæfingu á sviði vísinda, tækniþróunar og nýsköpunar hér á landi svo að styrkja megi íslenskt þekkingarsamfélag og auka samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs.

■ 2. gr. Hlutverk og skipan.

□ Vísinda- og nýsköpunarráð starfar sjálfstætt og fjallar um stöðu vísinda, tækniþróunar og nýsköpunar á Íslandi með tilvísun til alþjóðlegrar þróunar í stefnumótun á sviðinu, auk þess að vera ráðherranefnd um vísindi og nýsköpun og ráðherra sem fer með málefni vísinda og nýsköpunar til ráðgjafar. Vísinda- og nýsköpunarráð skal vinna að því að efla samfélagsmætti um vísindi, tækniþróun og nýsköpun með fagleg og lýðræðisleg sjónarmið að leiðarljósi.

□ Ráðherra skipar, í samráði við ráðherra sem fer með málefni vísinda og nýsköpunar, níu fulltrúa í Vísinda- og nýsköpunarráð til fjögurra ára í senn á grundvelli tillagna tilnefningarnefndar, sbr. 5. gr., þar af einn sem formann ráðsins. Varamenn skulu tilnefndir og skipaðir með sama hætti. Ráðherra leggur tillögu um skipan ráðsins fyrir ráðherranefndina til kynningar.

■ 3. gr. Stefnumótun.

□ Ráðherranefnd um vísindi og nýsköpun, sbr. 4. mgr. 9. gr. laga um Stjórnarráð Íslands, nr. 115/2011, samræmir stefnu stjórnvalda á sviði vísinda, tækniþróunar og nýsköpunar. Samræmda stefnu stjórnvalda skal birta í tvennu lagi, annars vegar framtíðarsýn til tíu ára sem endurskoðuð skal á fjögurra ára fresti og hins vegar aðgerðaáætlun til tveggja

ára í senn. Ráðherranefndin skal að jafnaði halda tvo fundi árlega með Vísinda- og nýsköpunarráði.

□ Vísinda- og nýsköpunarráð skilar árlega skýrslu til ráðherra og ráðherra sem fer með málefni vísinda og nýsköpunar. Í skýrslunni skal fjallað um stöðu málaflokksins hér á landi í alþjóðlegu tilliti, um stefnumótun stjórnvalda og framfylgd hennar og helstu samfélagslegu áskoranir. Ráðherra sem fer með málefni vísinda skal leggja skýrsluna fram á Alþingi.

■ 4. gr. Umsýsla.

□ Ráðuneyti sem fer með málefni vísinda fer með faglega umsýslu fyrir ráðherranefnd um vísindi og nýsköpun, undirbýr fundi Vísinda- og nýsköpunarráðs og ráðherranefndar og sinnir öðrum verkefnum sem tengjast stefnumótun, svo sem öflun upplýsinga og greiningu.

■ 5. gr. Tilnefningarnefnd.

□ Hlutverk tilnefningarnefndar er að tilnefna fulltrúa til skipunar í Vísinda- og nýsköpunarráð. Við tilnefningu fulltrúa í ráðið skal tilnefningarnefnd hafa hlutverk ráðsins að leiðarljósi og leggja áherslu á að það sé skipað fólki með yfirgripsmikla þekkingu og reynslu á sviði vísinda, tækniþróunar og nýsköpunar.

□ Ráðherra skipar, að höfðu samráði við ráðherra sem fer með málefni vísinda og nýsköpunar, fimm einstaklinga í tilnefningarnefnd, tvo samkvæmt tilnefningu samstarfsnefndar háskólastigsins, einn samkvæmt tilnefningu Samtaka atvinnulífsins, einn samkvæmt tilnefningu samtaka launafólks og einn án tilnefningar og skal hann vera formaður.

■ 6. gr. Reglugerðarheimild.

□ Ráðherra er heimilt með reglugerð að setja nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um starfsemi og skipulag Vísinda- og nýsköpunarráðs og tilnefningarnefndar.

■ 7. gr. Gildistaka.

□ Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 2023. . . .

■ 8. gr. Breytingar á öðrum lögum. . . .